

Sveitarfélagið Borgarbyggð
Bt. Stefán Broddi Guðjónsson
Digranesgata 2
310 Borgarnes



Reykjavík, 26.04.2024

Erindi: Óborið og nýlega borið fé frá Höfða í Þverárhlið laust utan girðingar

Dýraverndarsambandi Íslands (DÍS) hafa borist ábendingar um áframhaldandi vanhöld sauðfjár á bænum Höfða í Þverárhlið og að óborið og nýlega borið sauðfé gangi laust utan girðingar.

Ástand sauðfjár frá Höfða er grafalvarlegt og í ósamræmi við reglugerð nr. 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár og þar með brot á lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, en þar segir einnig að dýr eiga ekki að þjást.

Skv. reglugerð 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár skal halda óbornu fé sem haldið er utandyra í fjárheldum girðingum þannig að eftirlit sé framkvæmanlegt fram yfir sauðburð til að verja velferð dýranna. Það er hlutverk sveitarfélaga að smala ágangsfé ef eigendur sinna því ekki. Þessi dýr eru í mjög viðkvæmri stöðu.

Dýraverndarsamband Íslands óskar svara við eftirfarandi hjá sveitarfélaginu Borgarbyggð;

Ætlar sveitarfélagið að sinna skyldu sinni gagnvart þessu fé og sjá til þess að því verði án tafar komið í skjól ef vart verður við ágang þess á nærliggjandi bæi og heimalönd?

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar DÍS,

Linda Karen Gunnarsdóttir.

Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður

Afrit:
innviðaráðuneyti